

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 131/405
komudagur 3.12.2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2. desember 2004
Tilvísun: 2004110015

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 11. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, 211. mál.


Eins og fram kemur í athugasemdum við ofangreint frumvarp, er annars vegar um að ræða innleiðingu á tilskipun 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu (1. - 8. gr., 13. gr. og 15. - 19. gr.) en hins vegar innleiðingu á tilskipun nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana (9. -12. gr. og 14. gr.).

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, en rétt er að nefna að Fjármálaeftirlitið tók þátt í starfi nefndar þeirrar er vann að samningu á fyrrnefnda hluta frumvarpsins og hafði því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri við undirbúning þess.


Fjármálaeftirlitið er reiðubúið veita frekari upplýsingar eða skýringar vegna málsins, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Guðbjörg Bjarnadóttir